

Lagaleg viðmið um rask og endurheimt

Sigrún Ágústsdóttir, lögfræðingur
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sigruna@ust.is

Úrdráttur erindis:

Fjallað verður um viðmið í lögum og alþjóðasamningum um rask og endurheimt. Í lögum um náttúruvernd eru tiltekin viðmið varðandi rask gróðurs og landslags. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru töluleg viðmið, um matsskyldu framkvæmda af tiltekinni stærðargráðu. Lögin eiga m.a. að stuðla að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Slík magnviðmið eru einkum til þess fallin að draga úr álagi á vistkerfið. Fjallað verður um möguleg neikvæð áhrif af slíkum tölulegum viðmiðum. Minna er um töluleg viðmið sem stuðla að landslagsvernd í úrskurðum og álitum um mat á umhverfisáhrifum eru stundum gerðar kröfur um endurheimt votlendis. Er þá gjarnan miðað við umfang þeirrar röskunar sem hin fyrirhugaða framkvæmd veldur. Byggja slíkar kröfur á ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilgreiningu skilyrða fyrir framkvæmdum. Ekki eru fyrir hendi í lögum eða reglugerðum ákvæði um nánari útfærslu slíkrar endurheimtar en hugsanlegt er að breytingar verði á því í framtíðinni.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni beinir því til aðildarríkja að þau endurheimti og lagfæri eftir mætti vistkerfi sem hafa spillst vegna umsvifa mannsins og stuðli þannig að því að tegundir sem eru í hættu nái sér aftur á strik. Í samþykktri stefnumörkun stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni kemur fram að stefnt er að því að vinna leiðbeinandi reglur fyrir framkvæmdaraðila og ráðgjafa þeirra um þátt líffræðilegrar fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Svokölluð greiðsluregla sem er ein af meginreglum umhverfisráttarins felur í sér að sá sem skaðar umhverfið skuli bera kostnaðinn af því að lagfæra það sem aflaga hefur farið. Af þessum meiði er tilskipun Evrópusambandsins um umhverfisábyrgð, sem gerir ráð fyrir að ábyrgðaraðili fyrirbyggji umhverfistjón og lagfæri það sem aflaga fer ekki síst með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni. Önnur meginregla, samþættingarreglan sem lögfest er með Samningum um Evrópska efnahagssvæðið þýðir jafnframt það að taka ber náttúruna með í reikninginn í upphafi framkvæmda.